

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Heimspeki**

# **Á flóttu undan hugsuninni**

*Gagnrýni Martins Heidegger á tæknihyggju*

**Ritgerð til BA prófs í heimspeki**

**Jóhann Valur Klausen**

**Kt.: 0506903429**

**Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson**

**September 2015**

## Ágrip

Mannverur skilgreina sig gjarnan út frá hugsunarmætti sínum. Við höfum öðlast slíkan sess innan náttúru jarðar að sjálfur Guð hefur þurft að hörfa frá völdum. Maðurinn er kominn í bílstjórásæti þeirrar ógnvænlegu bifreiðar sem náttúran er. En er okkur treystandi? Hvers er þessi hugsunarmáttur okkar megnugur og hvert er hann að leiða okkur? Þýski heimspekingurinn Martin Heidegger taldi að hugsun mannsins hefði leiðst afvega frá eðli sínu – og í raun væri hugsunarleysið það sem væri einkennandi fyrir hinn nútímalega mann. Hvernig má það vera ef þróun mannkyns hefur sjaldan, eða aldrei, verið örari? Í minningarræðu sem Heidegger flutti þann 30. október 1955 greindi hann á milli tvenns konar hugsunar: íhugunar og útreikninga. Hvor hugsunin hefur sína kosti en maðurinn er í eðli sínu vera sem hugsar, vera sem hefur ein þann mátt að íhuga tilveru sína og veita henni merkingu með tungumáli.

Í ritgerðinni er hugtakaheimur Heideggers kannaður í ljósi þessara vangaveltna. Í fyrri hluta ritgerðarinnar eru þær grunnhugmyndir Heideggers útskýrðar sem nauðsynlegt er að greina frá áður en að lengra er haldið. Síðari hlutinn fjallar um gagnrýni hans á tæknihyggju í ritgerðinni „Spurningin um tæknina“ og öðrum textum. Undir lok ritgerðarinnar er hugað að lausninni sem Heidegger veitir við þeim vandamálum sem mannverurnar standa frammi fyrir.

# Efnisyfirlit

Ágrip.....	2
Inngangur: Fyrirbærafræðileg verufræði.....	4
Þarvera – Dasein .....	5
Vera-í-heimi .....	7
Vera-til-dauða .....	9
Umhyggja og eiginleg tilvist .....	11
Íhugun og útreikningar.....	14
Spurningin um tæknina.....	15
Lokaorð – heimspeki, hugsun og hið ljóðræna .....	24
Heimildaskrá: .....	28

## Inngangur: Fyrirbærafræðileg verufræði

Við sem erum, erum öll í heiminum. Við sem lesum og skrifum, mannverurnar, erum óhjákvæmilega bundin tilvist á þeirri plánetu sem við köllum jörð. Þetta vitum við. Við vitum einnig að við notum heilann til þess að hugsa og að hugsanir okkar eru okkar eigin. Augun eru verkfæri okkar til þess að sjá það sem fyrir þau ber, eyrun nema hljóðbylgjurnar í kringum okkur og við finnum fyrir ferskum andblæ haustsins leika við andlit okkar. En hvað liggur öllu þessu að baki?

Tilveran sjálf var Martin Heidegger hugleikin. Hann var alinn upp í trúarlegri fjölskyldu í litla sveitabænum Messkirch í suðvestanverðu Þýskalandi. Árið 1907, þegar hann var að búa sig undir að hefja nám til prests, rakst hann á doktorsritgerð Franz Brentano, *Hugmyndir Aristótelesar um margháttða merkingu þess að vera* og varð hún leiðarvísir hans til heimspekinnar. Ritið vakti upp spurningu hjá hinum unga Heidegger: „Ef verunni má lýsa í margs konar skilningi, hver er þá ráðandi grunnmerking hennar?“<sup>1</sup> Veturinn 1909-1910 hóf Heidegger nám við guðfræðideild Freiburgerháskóla en hélt áfram að lesa heimspeki í frístundum sínum ásamt því að sinna rannsóknum á sviði verufræði og yfirvegunguðfræði. Hann hafði sérstaklega heillast af verki Edmunds Husserl, *Rökfræðilegar rannsóknir* og vonaðist til þess að rannsóknir Husserls gætu orðið honum að gagni við að svara þeim spurningum sem doktorsritgerð Brentano vöktu með honum. Árið 1913 gaf Edmund Husserl út fyrsta hefti *Árbókar um heimspeki og fyrirbærafræðilegar rannsóknir* sem innihélt rit hans *Hugmyndir að hreinni fyrirbærafræði og fyrirbærafræðilegri heimspeki*. *Fyrirbærafræðin* var þá orðin ný stefna innan heimspekinnar og vakti athygli Heideggers sem taldi sig hafa fundið aðferð til þess að kljást við spurningar sínar. Á þessum tíma hafði Heidegger hafði sagt skilið við guðfræðinámið og helgaði sig alfarið heimspekinni. Hann sótti tíma hjá Husserl árið 1916 en sá síðarnefndi hóf kennslu við Freiburgerháskóla sama ár. Heidegger lýsti kennsluháttum og aðferð Husserls síðar á svofelldan hátt: „Kennsla Husserl fór þannig fram að þjálfað var að „sjá“ fyrirbærafræðilega, sem krafðist þess í senn að maður forðaðist óprófaða beitingu á heimspekilegri þekkingu en einnig þess að líta fram hjá kennivaldi hinna miklu hugsuða.“<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Martin Heidegger, „Leið mín til fyrirbærafræðinnar,“ þýð. Steinar Örn Atlason og Egill Arnarson. *Hugur* 26 (2014): 201.

<sup>2</sup> Sama rit: 204.

Fyrirbærafræði er rannsókn á fyrirbærum – hvernig þau birtast og hverjum þau birtast. Fyrirbærið er birtingarháttur hlutarins sjálfs. Fyrirbærafræðin gerir upplifanir vitundarinnar að rannsóknarefni sínu. Með beitingu hinnar „fyrirbærafræðilegu sjónar“ túlkaði Heidegger rit Aristótelesar að nýju og uppgötvaði að „það hvernig fyrirbæri kunngerá sig sjálf í fyrirbærafræði vitundarathafna er að finna í upprunalegri útgáfu í hugmynd Aristótelesar og allri grískri hugsun og tilvist sem *aletheia*, það er sýnileiki nærverunnar, afhjúpun hennar, hvernig hún birtir sig.“<sup>3</sup>

Fyrirbærafræðilegar rannsóknir höfðu, í huga Heideggers, endurvakið hið forna og gleymda viðhorf Grikkja til Verunnar. Hann skrifaði öndvegisrit sitt *Veru og tíma* með þetta forna viðhorf í huga; hann vildi rannsaka grunnmerkingu Verunnar.

Rökhugsun er möguleiki mannsins, og fyrirbærafræði er einn möguleiki mannsins til þess að hugsa á rökréttan hátt til Verunnar sjálfrar. Maðurinn er eina veran sem er í stakk búin til þess að veita Verunni merkingu. Og þess vegna er maðurinn næsta viðfangsefni ritgerðarinnar.

## Þarvera – Dasein

Öllum er okkur varpað óumbeðið inn í þennan heim, inn í ákveðnar aðstæður og ákveðið umhverfi sem við verðum að vinna úr af sjálfsdáðum. Til þess að vinna úr aðstæðum sínum hefur mannveran þróað með sér vitsmuni í baráttunni við að halda sér á lífi. Með vitsmunina að vopni höfum við smíðað bíla, skapað gereyðingarvopn og skrifað bækur um frumspeki sem spyrja spurninga eins og: Er Guð til? Er heimurinn sem ég upplifa raunverulegur?

En þegar við spyrjum slíkra spurninga gerum við ráð fyrir því að vita hvað það er að vera. Heidegger greinir á milli mismunandi leiða til þess að nálgast rannsóknir á verunni; annars vegar eru verulegar (e. *ontical*, þý. *ontisch*) rannsóknir og hins vegar verufræðilegar (e. *ontological*, þý. *ontologisch*) rannsóknir. Verulegar rannsóknir fást við raunveruleikann og það sem við teljum vera staðreyndir í hinum efnislega heimi en verufræðilegar rannsóknir rannsaka merkingu þess að vera, merkingu sjálfrar Verunnar – eða hvernig verur eru samofnar Verunni og birtast sem verur. Heidegger setur sér það verkefni að endurvekja hina verufræðilegu spurningu um merkingu Verunnar sem heimspekin og verufræðingar hafa

---

<sup>3</sup> Sama rit: 205.

gleymt. „Í grundvallaratriðum er öll verufræði, sama hversu íburðarmiklu og samþjöppuðu flokkunarkerfi hún hefur yfir að ráða, blind og afbökuð gagnvart eiginlegri kröfu sinni, ef hún hefur ekki fyrst útskýrt merkingu Verunnar, og upphugsað slíka skilgreiningu sem undirstöðuatriði sitt.“<sup>4</sup>

En hvernig er hægt að framkvæma rannsókn á þessari grundvallandi verufræðilegu spurningu? Heidegger segir að til þess að rannsaka merkingu Verunnar þurfi að rannsaka veruna sem Veran varðar<sup>5</sup> – nánar tiltekið mannveruna. Mannveran lifir lífi sínu meðvituð um umhverfi sitt og tengist því merkingarböndum með notkun tungumálsins. Hún er eina veran, sem við vitum um, sem íhugar merkingu tilveru sinnar. Mannveran býr yfir þeim hæfileika að varpa ljósi á tilveruna sjálfa og opna aðgang að henni. Heidegger notaði orðið *Dasein* yfir mannveruna sem er þýtt yfir á íslensku sem þarvera: „Þarveran er verulega skilgreind samkvæmt þeirri staðreynd, að í Veru sinni er Veran viðfangsefni hennar.“<sup>6</sup>

Grundvallarverufræði er uppruni eða uppspretta allrar verufræði og verður að hefjast á tilvistargreiningu þarverunar sem veitir veröldinni merkingu.<sup>7</sup> Þarveran er eina veran sem upplifir veruleikann og á sér því tilvist (þý. *Existenz*). Tilvistin er þarverunni möguleiki – hún er stöðugt að velja og hafna möguleikum og byggir eigin tilveru á þeim möguleikum sem hún velur. Heidegger hefur rannsókn sína á fyrirbærafræðilegri greiningu á manninum og hvernig hann upplifir sjálfan sig og fyrirbærin í kringum sig. Þarveran starfar innan heimsins með forskilvitlega þekkingu á verunni, við þykjumst vita hvar við erum stödd, hvað okkur ber að gera o.s.frv. Þrátt fyrir að við teljum okkur vita hvað það sé að vera höfum við ekki enn svarað spurningunni hvað það merkir að vera á skilmerkilegan máta. Eða, eins og Heidegger orðar það:

Sú staðreynd að við lifum nú þegar með skilning á Verunni og merking Verunnar er enn hulin myrkri sannar að það er nauðsynlegt í meginatriðum að vekja spurninguna upp á ný.<sup>8</sup>

---

<sup>4</sup> Martin Heidegger, *Being and time*, þýð. John Macquarrie og Edward Robinson (New York: Harper & Row, 2008), 11. Þýðingar á tilvitnunum úr bókinni eru mínar.

<sup>5</sup> Sama rit: 12.

<sup>6</sup> Sama rit: 12.

<sup>7</sup> Sama rit: 13.

<sup>8</sup> Sama rit: 4.

Þessi óljósi skilningur á Verunni er samt sem áður staðreynd. Við högum okkur samkvæmt þessum skilningi. Heidegger varar við misskilningi sem hægt er að leggja í hugtakið. Þarveran er ekki lýsing á einni meðvitaðri mannveru. Þarveran er mannveran sjálf og lýsing á því sem er forskilvitlega-sameinandi fyrir allar mannverur, möguleikinn að varpa ljósi á Veruna og haga lífi sínu eftir eigin ákvörðunum. Til þess að skilja betur hvað Heidegger á við með hugtakinu þarvera er ágætt að hugsa sér að hann er að tala um *hvernig* við erum. Heidegger skrifar: „[...] þegar við nefnum þessa veru með hugtakinu þarvera, erum við að ekki að tjá „hvað“ þess (eins og það væri borð, hús eða tré) heldur Veru þess.“<sup>9</sup>

Spurningin um merkingu Verunnar snýst um að rannsaka það sem gerir verur skiljanlegar sem verur. Það sem veitir verum merkingu sem verur er Veran. Vera mín er t.d. ekki einungis sú staðreynd að ég er og er samansettur úr hinum og þessum efnasamsetningum heldur er ég líka persónuleikaeinkenni mín, hvernig ég á samskipti við aðra og umhverfi mitt og *hvernig* ég er eins og ég er. Þegar ég spyr „Hvað er maður?“ þá gæti ég frekar spurt „Hvað þýðir það að vera maður?“ Eða „Hvað merkir það að vera maður?“ – og merking hlutar er þá skilin sem það sem tengir hann við umheiminn. Merking mannsins er því hvernig hann tengist veröldinni í kringum sig. Vera er ekki eitthvað yfirskilvitlegt eða handanheimskennt. Við fáumst öll við Veruna því hún er allt um kring, við erum hluti af samhengi þess sem er. Vera er ekki eiginleiki. Maður hefur t.d. ekki Veru. Maður er einungis maður ef hann getur verið eins og maður og hagað sér eins og maður, Vera hans snýst um merkingu þess sem hann gerir og hvernig hann er. Heidegger vill komast að því sem er sameinandi fyrir mannveruna. Til þess að undirstrika hversu samofin þarveran er umhverfi sínu og veröldinni setur hann fram annað hugtak til þess að lýsa tilvist hennar; vera-í-heimi.

## Vera-í-heimi

Vera þarverunnar er ávallt vera-í-heimi. Þarveran kemst ómögulega hjá því að vera stöðugt að upplifa umhverfi sitt – það er í eðli hennar. Veröld okkar er gegnsýrð af fyrirbærum sem eru stöðugt að verða á vegi okkar. Heidegger nefnir þau fyrirbæri í heiminum, sem verða á vegi okkar, búnað (e. *equipment*). Nafngiftin stafar af því að Vera þessara fyrirbæra er tengd þeim verkefnum sem þarveran ætlar þeim. Upprunalegasta samband þarverunnar við búnað heimsins næst ekki með því að greina hann á „hlutlausan“ vísindalegan hátt, heldur með því

---

<sup>9</sup> Sama rit: 42.

að nýta þann búnað sem heimurinn býr yfir á haganlegan máta. Þegar Lionel Messi þræðir sig í gegnum varnir andstæðinga sinna á fótboltavellinum er hann ekki að hugsa um eigin vöðvastarfsemi á fræðilegan hátt eða efnasamsetningu fótboltaskónna og boltans, hann er að nýta líkama sinn og boltann til þess að ná ákveðnu markmiði; að skora mark og vinna fótboltaleik. Hann gleymir sér í athöfninni. Heidegger notar frægt dæmi um hamar og smið til þess að koma þessari hugsun á framfæri: „Því minna sem við einblínum á hamars-hlutinn, og því meira sem við grípum til hans og notum hann, því upprunalegra verður samband okkar við hann, og á þeim mun meira afhjúpanði hátt er honum tekið sem því sem hann er – búnaður. Hömrúnin sjálf afhjúpar sérstæðan „hagræðanleika“ hamarsins. Sú tegund Veru sem búnaður býr yfir – sem gefur sig til kynna af sjálfsdáðum – köllum við „veru-við-höndina.““<sup>10</sup>

Þar af leiðandi er það svo að þegar smiðurinn mundar hamarinn í hendi sér og hefur vinnu sína beinist hugsun hans að athöfninni en ekki verkfærunum sem hann nýtir sér.

Efnasamsetning hamarsins er honum ekki efst á huga. Í raun vill Heidegger meina að í athöfninni að smíða verði hamarinn hluti af veruleika smiðsins – gagnsæ framlenging á líkama hans. Smiðurinn verður svo niðursokkinn í athafnasemi sína að hann hefur enga meðvitund um sjálfan sig sem viðfang gagnvart efnislegum heimi. Á fyrirbærafræðilegan hátt verður aðgreining þarverunnar og hluta-í-heiminum óskýr, það sem er er eingöngu upplifunin á athöfninni. Hlutir sem þjóna tilgangi fyrir markmið þarverunnar búa yfir veru-við-höndina – en þeir hlutir sem hafa enga þýðingu fyrir veröld ákveðinnar þarveru búa yfir veru-fyrir-hendi.<sup>11</sup>

Upprunalegasta samband þarverunnar við umheiminn er í gegnum athafnir og hluti sem eru við-hendi. Annars konar sambönd eru afleidd af þessu upprunalega sambandi þarverunnar, eins og t.d. vísindaleg þekking sem varpar ljósi á hluti á, að því er virðist, hlutlausan hátt án þess að taka tillit til hversdagslegra athafna þarverunnar – vísindaleg þekking setur hluti fram sem búa þá yfir veru-fyrir-hendi. Það sem Heidegger hefur í huga er að kynna upprunalegt viðhorf okkar til tilverunnar. Áður en við förum að smætta tilveruna og hlutina í henni niður í hráar upplýsingar erum við *þátttakendur* í tilverunni. Vera-í-heimi er því ómissandi einkenni þarverunnar – allar þarverur eru vera-í-heimi og geta aldrei ekki verið

---

<sup>10</sup> Sama rit: 69.

<sup>11</sup> Sama rit: 67-73.



vera-í-heimi, því til þess að eiga samskipti við umhverfi sitt og tengjast því merkingarhöndum þarf að vera heimur til staðar og þarvera að veita heiminum merkingu. Eða, eins og Heidegger orðar það: „Samband þarverunnar við umhverfi sitt er mögulegt einmitt vegna þess að þarveran er vera-í-heimi.“<sup>12</sup>

Heidegger notar af og til hugtakið „dvöl“ til þess að fanga hinn sérstaka hátt sem þarveran er vera-í-heimi. Að dvelja í húsi snýst ekki einungis um að eyða tíma inni í ákveðnu húsi heldur að vera kunnugur þar – þekkja húsið og tilheyra því með dvöl sinni. Það er á svipaðan hátt sem þarveran er í heiminum.

### **Vera-til-dauða**

Venjulega hugsum við ekki mikið um dauðann, hann er einfaldlega óþægileg endalok sem við kjósum að hugsa lítið um, enda er það óhugnanleg tilhugsun fyrir flesta að hugsa sér að lífið muni enda. En hvað er dauðinn í raun og veru? Vitum við það? Það er kannski hægt að segja að dauði sé það sem markar endaloks lífs. Hann táknar takmarkaða tilveru mannsins og hverfuleika lífsins.

Túlkun Heideggers á dauðanum er af öðrum toga. Í *Veru og tíma* táknar dauðinn ekki einfaldlega endanleika lífsins. Heidegger setur fram hugmynd sína um dauðann út frá upplifun þarverunnar af hugsuninni um dauðann. Dauði er eitthvað sem gerist í framtíðinni, ef þú getur hugsað um dauðann ertu ennþá á lífi. Þarveran er því vera-til-dauða, við vitum öll að dauðinn er óumflýjanlegur hluti af tilverunni. Þegar ég hugsa um dauðann er ég að hugsa um mögulega framtíð. Dauðinn er möguleiki framtíðarinnar. Dauðinn er eitthvað sem er ekki-ennþá. Vegna þess að við erum öll viss um þessa framtíð okkar, dauðinn er möguleiki sem verður einhverntímann að raunveruleika, eru allar þarverur verur-til-dauða. Samkvæmt Heidegger stendur þarveran frammi fyrir dauðanum sem er „eiginlegasti möguleiki Verunnar.“<sup>13</sup> Þegar dauðinn ber að dyrum verður þarveran ekki lengur veran-sem-er-þar. Heidegger hugsar frekar til dauðans sem algjörs og óumflýjanlegs möguleika þarverunnar í stað algjörra endaloka hennar. Frá því að við hefjum líf okkar er dauðinn eitthvað sem við þurfum að takast á við, hann er frumlægasti möguleiki okkar, við erum öll alltaf-að-deyja þannig séð.

---

<sup>12</sup> Sama rit: 57.

<sup>13</sup> Sama rit: 250.

Möguleiki er hugtak sem leikur stórt hlutverk í *Veru og tíma*. Að hafa möguleika er verufræðilegur grundvöllur þarverunnar. Þarveran er stöðugt að velja og hafna möguleikum, það er eitthvað sem hún getur ekki flúið, ekki frekar en dauðann.

Heidegger greinir sig frá heimspekihefðinni með því að grundvalla verufræðilega tilveru mannsins sem möguleika í stað raunveruleika. Verufræði sem einblínir eingöngu á raunveruleikann stuðlar að for-verufræðilegri mistúlkun á Verunni og hlutgerir hana. Eins og frægt er orðið taldi Heidegger að spurningin um Veruna hefði gleymst frá tímum Forn-Grikkja. Skilgreining Heideggers á þarverunni sem veru-möguleika stangast á við verufræði Aristótelesar í *Frumspekinni* þar sem hann greindi Veruna út frá raunveruleikanum. Aristóteles telur það sem er ekki-ennþá vera ófullkominn möguleika verunnar – eitthvað sem gæti orðið vera; eitthvað sem á eftir að raungerast og er því ekki í forgangi ef fjalla á um sjálfa Veruna. Heidegger snýr verufræði Aristótelesar á haus og segir: „Fyrir ofan raunveruleikann stendur möguleikinn.“<sup>14</sup> Eins og áður kom fram er dauðinn möguleiki sem er ekki-ennþá, en þarveran lifir með stöðugan ekki-ennþá möguleika – „Þetta „ekki-ennþá“ tilheyrir þarverunni svo lengi sem hún er.“<sup>15</sup> Það sem er einkennandi fyrir tilvist þarverunnar er því að hún „er“ og er „ekki-ennþá.“

Þarveran öðlast aldrei raungerða fullkomnun tilveru sinnar vegna þess að ekki-ennþá er í eðli hennar, hún er í stöðugri uppbyggingu í sambandi við framtíð sína og sýnir „stöðugan ófullkominn eiginleika“<sup>16</sup> eða, með öðrum orðum, „þarveran er ekki eitthvað sem er til á hlutlægan hátt og hefur að auki hæfileikann til þess að framkvæma eitthvað, heldur er hún fyrst og fremst vera-möguleika.“<sup>17</sup> Hún hefur þann eiginleika að gera hluti og athafnir mögulegar með framkvæmdum og ákvörðunum sínum. Því varpar dauðinn, sem óhjákvæmilegur ekki-ennþá möguleiki þarverunnar, ljósi á tilveru möguleika í heimi þarverunnar: „Sem endalok þarverunnar, er dauðinn eiginlegasti sambandslaus, öruggi, og, sem slíkur, óendanlegi möguleiki þarverunnar sem ekki er hægt að sniðganga.“<sup>18</sup>

Þegar Heidegger talar um dauðann sem eiginlegasta möguleika þarverunnar er hann að leggja áherslu á dauðann sem *möguleika*, dauðinn er ekkert nema möguleiki, það er ekki

---

<sup>14</sup> Sama rit: 38.

<sup>15</sup> Sama rit: 242.

<sup>16</sup> Sama rit: 236.

<sup>17</sup> Sama rit: 142.

<sup>18</sup> Sama rit: 259.

hægt að upplifa dauðann því við dauðann hverfa allar upplifanir. Hann skilgreinir dauðann sem „möguleika hins algjörlega ómöguleika þarverunnar.“<sup>19</sup> En þrátt fyrir að við getum ekki upplifað þennan ómöguleika er hann vissulega endir þarverunnar og tilhugsunin vekur með henni *angist*.<sup>20</sup> Þó að þarveran finni fyrir angist gagnvart möguleikanum á dauðanum þýðir það ekki að hún finni fyrir stöðugri hræðslu, angistin tilheyrir möguleika framtíðarinnar, því sem er ekki-ennþá – og er í raun hvatning til þess að vera meðvitaðri um Veruna.

## Umhyggja og eiginleg tilvist

Hingað til höfum við skoðað hvernig þarveran tengist veröld sinni samkvæmt heimspeki Heideggers. Hún er stöðug vera-í-heimi, samofin umhverfi sínu, hún er vera-til-dauða sem upplifir angist gagnvart hverfuleika tilvistarinnar og hún greinir sig frá öðrum verum vegna þess að Veran er henni hugðarefni. Hún hefur þann eiginleika að geta íhugað tilveru sína og umhverfið. Upp af þeirri staðreynd að Veran er viðfangsefni þarverunnar sprettur umhyggja (e. *care*) sem er grundvallandi fyrir tilvist þarverunnar,<sup>21</sup> hún ber umhyggju til tilveru sinnar – sem skiptir hana máli. Rætur þarverunnar liggja í eiginleika hennar til umhyggju. Umhyggja aðgreinir sig frá öðrum viðhorfum svo sem reiði, óskhyggju, vilja o.s.frv. að því að leyti að til þess að öðlast þessi viðhorf þarf maður fyrst að sýna veröldinni umhyggju. Umhyggjan helst í hendur við merkingarríkan heim. Einungis ef þarveran sýnir umhyggju getur hún dvalist í merkingarríkum heimi, og einungis ef hún dvelst í merkingarríkum heimi getur þarveran verið umhyggja.

Tilvera þarverunnar sem umhyggja er útskýrð með þremur tímatengdum víddum hennar. Heidegger notar eigin hugtök til þess að varpa skærara ljósi á þessar víddir í sambandi við þarveruna. Fortíð tengist varpleika (e. *thrown-ness*) þarverunnar sem er varpað inn í þennan heim án þess að fá neinu um það ráðið. Framtíðin er tengd varpandi eiginleika þarverunnar sem á í stöðugu sambandi við möguleika sína í framtíðinni og varpar ljósi tilveru sinnar á þá möguleika sem hún raungerir.<sup>22</sup> Að vera varpandi þýðir ekki að haga lífi sínu samkvæmt fyrirfram ákveðnu plani heldur að hugsa til framtíðarinnar sem möguleika. Þriðja vídd umhyggjunnar er nútíðin og Heidegger notar hugtakið fall-leiki (e. *fallen-ness*) til útskýringar

---

<sup>19</sup> Sama rit: 250.

<sup>20</sup> Sama rit: 266.

<sup>21</sup> Sama rit: 193

<sup>22</sup> Sama rit: 145.

á tilveru þarverunnar í nútíðinni. Fall-leiki þarverunnar er „fall“ niður í venjubundnar hefðir samfélagsins sem hann kennir við „þau“ (e. *the they*).<sup>23</sup> Að falla niður í heim „þeirra“ felur í sér að taka upp hætti samfélagsins á ógagnrýninn hátt, láta glepjust af venjubundnu *þvaðri* sem deyfir okkur með ímynduðum tilgangi hversdagslífsins, sækjast stöðugt eftir nýjungum og örvun vegna *forvitni*, og missa hæfileikann til þess að greina á milli *margræðni* þvaðursins og raunverulegs skilnings á Verunni. „Þessi iðja „að sökkva sér niður í...“ hefur aðallega einkenni þess að vera-gleymdur í almannaleika „þeirra.“ Þarveran hefur, fyrir það fyrsta, ávallt nú þegar fallið frá sjálfri sér sem eiginlegur hæfileiki til þess að vera hún sjálf, og hefur fallið í „heiminn.“ „Falleiki“ í heiminn þýðir að sökkva sér niður í veru-með-öðrum, að því marki sem hinu síðara er stjórnað af þvaðri, forvitni og margræðni.“<sup>24</sup>

Þessi fall-leiki er óhjákvæmilegur hluti af tilvist þarverunnar og afleiðing hans er sú að meðvitund hennar um Veruna verður óskýrari og ósjálfstæðari. Sannleikurinn felst fyrst og fremst í því að varpa ljósi á vissa hluti, afhjúpa Veru þeirra. Þetta er það sem Heidegger kallar sannleika, en aftur á móti er það sem hann kallar ósatt eða rangt í því fólgið að skyggja á Veruna, varpa ljósi tilverunnar annað en á Veruna sjálfa, en það er einmitt það sem felst í því að tilheyra „þeim“ og taka þátt í að miðla „þvaðri samfélagsins.“ Þvaðrið sannfærir okkur um að ráðgátur heimsins séu útkljáðar og leystar – og gerir okkur fráhverf frá því að leita að svörum sjálf. Þvaðrið er það sem við lesum í dagblöðum, horfum á í sjónvarpi, hlustum á í útvarpinu og skoðum á samfélagsmiðlum. Þvaðrið er einnig venjubundnar skoðanir og venjubundið málfar. Í fall-leikanum líkar mér það sem „þeim“ líkar, haga mér eins og „þau“ haga sér o.s.frv. Samfélag „þeirra“ stuðlar að meðalmennsku og einshæfni, enginn vill skara fram úr eða taka áhættu. Við verðum því stöðugt líkari öllum öðrum í samfélaginu.<sup>25</sup>

Heidegger greinir á milli þarvera sem hafa fallið í faðm „þeirra“ annars vegar og hins vegar þeirra sem haga lífi sínu á sjálfstæðari máta. Hið fyrra kallar hann óeiginlega tilvist og hið síðara eiginlega tilvist. En hvernig lifum við með ósviknum hætti – án þess að blekkja okkur? Til þess að svara þessari spurningu er nauðsynlegt að hafa hugtökin sem hafa verið kynnt hér að ofan til hliðsjónar. Heidegger skilgreinir manneskjuna sem vitundarveru, þá veru sem getur gert grein fyrir, upplifað, og túlkað Veruna og aðrar verur. Hugmyndin um sjálfa

---

<sup>23</sup> Sama rit: 167.

<sup>24</sup> Sama rit: 175.

<sup>25</sup> Sama rit: 126.

Veruna, tilvistina, eigin dauðleika og mikilvægi meðvitundar á það hinsvegar til að gleymast vegna þess að þarveran er ávallt vera-með-öðrum og það felur í sér óhjákvæmilegan fall-leika til „þeirra“ í hversdagsleikann. „Vera-í-heimi er ávallt fallin. Þar af leiðandi er hægt að skilgreina „venjubundinn hversdagsleika“ þarverunnar sem „Veru-í-heimi sem er fallin og afhjúpandi, varpað og varpandi, og eiginlegasti möguleiki-til-veru er henni viðfangsefni, jafnt í Veru sinni samsíða „heiminum“ og í veru-með öðrum.“<sup>26</sup> Það sem skiptir máli fyrir þarveruna er hvernig hún tekst á við þennan fall-leika. Vegna þess að „*eiginleg* tilvist er ekki eitthvað sem svífur fyrir ofan fallinn hversdagsleikann; tilvistarlega séð, er hún einungis annar háttur til þess að takast á við hversdagsleikann.“<sup>27</sup>

Það er ástæða fyrir því að meðvitund um veruna, tímann og dauðann er mikilvæg fyrir farsælt, sjálfstætt og innihaldsríkt líf þarverunnar. Okkar hversdagslega lífi og hversdagslegu athöfnum fylgir ákveðinn vani. Þessi vani hefur yfirleitt deyfandi áhrif á meðvitundina með þeim afleiðingum að framandleiki tilverunnar hverfur. Hið hversdagslega venjulega líf „þeirra“ er þægilegt, við fylgjum straumi samfélagsins og tökum ákvarðanir sem eru öruggar og samfélagslega samþykktar. „Tilgáta „þeirra“ að maður viðhaldi heilu og einlægu lífi á ráðandi máta, veitir þarverunni *ró*, þar sem allt er á hinn besta veg og allar dyr eru opnar. Fallin vera-í-heimi, sem fellur í freistni, er á sama tíma róandi.“<sup>28</sup> En með því erum við í rauninni að forðast að taka okkar eigin ákvarðanir og velja eigin mögulega tilvist. Þegar einstaklingar flýja eða bæla niður angistina sem fylgir tilverunni, og þá kannski sérstaklega vitundinni um dauðann, sækja þeir oft í faðm samfélagsins og hið endalause þvaður, því það er róandi og angistin hverfur jafnvel tímabundið. Hin eiginlega þarvera er stöðugt meðvituð um tilveru sína sem hennar eigin, þær ákvarðanir sem hún tekur eru hennar eigin ákvarðanir – hún er meðvituð um sérstöðu sína sem „hirðir verunnar“ og afhjúpar Veruna með tilvist sinni. Eiginleg tilvist þarverunnar er því tiltekin afstaða eða viðhorf til Verunnar, dauðans, tímans og eigin tilveru. Það er ýmislegt sem getur vakið okkur upp frá hinu ósjálfstæða og deyfandi hversdagslífi „þeirra“; það getur verið fjarstæðukennt augnablik, göngutúr í kirkjugarði eða jafnvel góð skáldsaga.

---

<sup>26</sup> Sama rit: 181.

<sup>27</sup> Sama rit: 179.

<sup>28</sup> Sama rit: 177.

## Íhugun og útreikningar

Það getur verið erfitt að takast á við hugtakaheim Heideggers, textar hans eru oft á tíðum torskildir en þeir þjóna því markmiði sem Heidegger hefur í huga. Með því að nota frumlegt og erfitt málfar gerir hann hina samfélagslega einföldu hugmynd um Veruna erfiða viðureignar. Hann vill að við komumst í betra samband við okkar upprunalegustu og eiginlegustu hugsun. Hvað er það sem veitir manneskjunni tækifæri til þess að hugsa? Það er Veran. Við erum, og höfum því tækifæri til þess að hugsa, hugsun okkar byggist á þeim grundvelli sem Veran veitir okkur. Sá grundvöllur hefur gleymst og hugsun okkar hefur fjarlægst uppruna sinn. Í minningarræðu sem Heidegger hélt árið 1955 tekst hann á við þetta vandamál: „Öll erum við, líka þau okkar sem svo að segja vinna við að hugsa, alloft fátæk í hugsun; öll erum við alltof auðveldlega hugsunar-laus. Hugsunarleysi er óhugnalegur gestur sem er hvarvetna á ferðinni í heiminum í dag.“<sup>29</sup>

Þetta hugsunarleysi nútímamannsins breytir því samt ekki að hæfileikinn til þess að hugsa er enn til staðar. Við höfum einfaldlega leyft hugsuninni að „falla í órækt.“<sup>30</sup> Hvort sem það eru samfélagsmiðlar, sjónvarpið, internetið eða annarskonar afþreying þá er maðurinn umkringdur áreiti, áreiti sem veitir manninum staðgengil fyrir eigin hugarstarfsemi og leyfir honum að hvíla heilann eftir erfiðan vinnudag. Það má segja að maðurinn sé á „flótta undan hugsuninni.“<sup>31</sup>

Þrátt fyrir að margir séu sammála um að afþreyingarefni sé ofnotað á okkar dögum myndu einhverjir mótmæla því að maðurinn sé hugsunarlaus, eða á flótta undan hugsuninni. Rannsóknir og tækniframfarir eru stöðugar og í sífelldri þróun. Veðurfræðingar geta varað við skýjastrókum og jarðskjálftum, hagfræðingar hugsa um þróun efnahagsins, stjarnæðlisfræðingar spáð fyrir um næsta sólgos o.s.frv. Slík hugsun er samt hugsun af ákveðinni gerð, sem Heidegger nefndi útreikninga. Sérkenni slíkrar hugsunar „felst í því að hvenær sem við áætluðum, rannsökuðum og skipuleggjum einhverja starfsemi erum við alltaf að reikna með ákveðnum aðstæðum.“<sup>32</sup> Útreikningur þjónar mikilvægum tilgangi fyrir mannkynið en vegna þess hversu árangursríkur hugsunarháttur útreikningur er, hefur annarskonar hugsun fallið í skuggann af honum. Samkvæmt Heidegger er til tvenns konar

---

<sup>29</sup> Martin Heidegger, „Minningarræða,” þýð. Steinar Örn Atlason og Egill Arnarson. *Hugur* 26 (2014): 194.

<sup>30</sup> Sama rit: 194.

<sup>31</sup> Sama rit: 194.

<sup>32</sup> Sama rit: 195.

hugsun, útreikningur og íhugun: „Útreikningur nemur aldrei staðar, verður sér aldrei meðvitaður. Útreikningur er ekki íhugun, ekki sú hugsun sem ígrundar merkinguna sem ríkir í öllu sem er.“<sup>33</sup>

Eins og ætti að vera orðið ljóst er Heidegger hugleikið að vekja nútímamanninn upp af kreddukenndum svefni útreikninga og tæknihyggju, kynna manninn fyrir uppruna sínum og veröldinni sem hann binst merkingarböndum – gera manninn meðvitaðri um sjálfan sig og umhverfið. Íhugun stuðlar að frekari meðvitund en þarf alls ekki að vera „hálfleyg“ það er nóg að við dveljum við það sem er nálægt og íhugum það sem er næst: við það sem varðar okkur, sérhvert okkar, hér og nú; [...] á þessari heimsins stundu.“<sup>34</sup>

Það er óhætt að segja að háttur útreikninga tengist tækni hjá Heidegger. Nútíma tækni viðist vera að breyta hugsunarháttum mannsins. Þar sem tæknilegur hugsunarháttur er ríkjandi skortir íhugun. Hvað liggur henni að baki? Hver er uppspretta og grundvöllur útreikninga og tækninnar?

### Spurningin um tæknina

Spurningin um tæknina er fyrirlestur sem Heidegger hélt 18. nóvember 1953. Flestir textar sem fjalla um tæknina einblína á mismunandi leiðir til þess að nýta sér hana til góðs.

Heidegger telur afstöðu okkar til tækninnar hins vegar hafa spillandi áhrif á manninn og vill rannsaka eðli (e. *essence*) tækninnar – og leita svara við því hvernig við getum brugðist við þeim hættulega tæknilega hugsunarhætti sem er ríkjandi í samfélaginu. Hann vill undirbúa manninn fyrir opið og frjálst samband við tæknina. Heidegger hefur fyrirlesturinn á því að útskýra hina hversdagslegu skilgreiningu á tækni: sem mannlegri aðferð til þess að ná einhverju markmiði. Við búum til tæki, vélar, verkfæri og tölvukerfi til þess að auðvelda vinnu.<sup>35</sup>

Í upphafi máls síns fullyrðir Heidegger að „eðli tækninnar sé alls ekki eitthvað tæknilegt.“ Það þjónar þeim tilgangi að færa hið tæknilega yfir á svið heimspekinnar, frá hinum tæknilega hugsunarhætti. Með því að aðskilja eðli tækninnar frá hinu tæknilega gerir Heidegger sér kleift að fara aftur til upprunalegrar merkingar orðanna sem hann notar til

---

<sup>33</sup> Sama rit: 195.

<sup>34</sup> Sama rit: 195.

<sup>35</sup> Martin Heidegger, „The Question Concerning Technology,“ *Basic Writings*, ritsj. David Farrell Krell (New York: HarperCollins, 2008), 312. Þýðingar á tilvitnunum úr ritgerð þessari eru mínar.

Þess að útskýra hugmyndir sínar. Orðið tækni á rætur sínar að rekja til gríska orðsins *techné*.<sup>36</sup> Í upphaflegri merkingu orðsins vísaði það bæði til færninnar að búa eitthvað til og sköpunar á listrænan hátt. Nú á dögum er tæknin oft hugsuð sem andstaða við *physis* eða *náttúru*. Tækni krefst milliliðar, einhvers utanaðkomandi orsakavalds til þess að knýja fram breytingu í einhverjum hlut. *Physis* býr hins vegar yfir eigin breytingareðli, náttúran þróast af sjálfu sér. Þessi mismunur hefur valdið klofningi milli manns og náttúru, við horfum til náttúrunnar sem einhvers annars, einhvers sem við getum nýtt okkur í hag. Það er venja að aðskilja menningu og náttúru í nútíma samfélagi. Þá skiptir mestu að ná tökum á náttúrunni. Líf mannsins verður stöðugt einfaldara, þægilegra og sjálfvirkara eftir því sem náttúran er frekar beisluð okkur í hag – á kostnað eðlislægrar hugsunar mannsins, íhugunar. Nýting rökhugsunar til tæknilegra markmiða leiðir til undirgefni hugsunarinnar – hugsunin verður því ekkert nema vani, tannhjól í vélinni, útreiknandi, hefðbundin og þjónar einungis efnahagslegum markmiðum mannsins. Heidegger telur þetta vera yfirborðskennda útskýringu á tækninni og vill kafa dýpra, það er ekki tréð sem þarf að rannsaka heldur jarðvegurinn. Spurningin um tæknina tengist spurningunni um Veruna og verufræði þarverunnar – hvernig hún bregst við því að vera vera-í-heiminum. Tæknihyggjan stuðlar að sundrunu í eðlislægum tengslum manns við Veruna. Þar af leiðandi varð spurningin um tæknina áriðandi fyrir Heidegger vegna þess að nútíma tæknihyggja bar með sér hættulega leið til þess að sjá og upplifa heiminn. Eftir að hafa hafnað hinni hefðbundnu útskýringu á tækni byrjar Heidegger að rekja sögu tæknilegrar hugsunar aftur til frumlegri merkingar sem hafði gleymst.

Heidegger tengir hugtakið *techné* við tvö önnur forn-grísk hugtök; *poiesis* og *episteme*. *Poiesis* er það sem veitir ekki-ennþá möguleika raungervingu í veröldinni. Það er ákveðin list að búa til borð, það krefst kunnáttu og Heidegger telur að þegar smiðurinn smíðar borð sé hann að afhjúpa það og færa það fram í raunveruleikann í ferli sem hann nefndi fram-færsla (e. *bringing-forth*) sem er *poiesis*.<sup>37</sup> Allar þær athafnir sem fram-færa eitthvað eru *poiesis*, það á einnig við um náttúruna eða *physis* – sem býr yfir eigin breytingareðli. Þegar blóm blómstrar er það sjálf-skapandi fram-færsla sem *poiesis*. Það sem er afhjúpað og fram-fært í veröldina er sannleikur/þekking eða *episteme*. Samkvæmt upprunalegri merkingu *techné* er

---

<sup>36</sup> Sama rit: 318.

<sup>37</sup> Sama rit: 317.



það aðferð afhjúpunar (gre. *alétheia*). *Techné* tengist því *poiesis* og *episteme* að því leyti að tæknin fram-færir með ákveðinni afhjúpun, fram-færslu, sem fram-færir sannleik/þekkingu.<sup>38</sup> Afhjúpun fyrirbæra á tímum Forn-Grikkja var útskýrð með orsökunum fjórum sem finna má í heimspeki Aristótelesar. Orsakirnar eru efni, form, aflvaki og tilgangur. Allar þessar orsakir bera ábyrgð á framleiðslu hlutar. Verkamaðurinn, eða aflvakinn, er hluti af þeirri heild sem afhjúpunin er.<sup>39</sup> Borðið er á leið sinni til afhjúpunar og orsakirnar fjórar bera ábyrgð á fram-færslu þess. Ferli afhjúpunar er virkt þegar eitthvað hulið er afhjúpað sem það er, smiðurinn smíðar því ekki borð heldur afhjúpar það. Afhjúpunin leyfir borðinu að verða það sem það er. Hjá Forn-Grikkjum fékk því hlutverk verkamannsins, sem aflvaki, jafnt vægi á við hinar orsakirnar þrjár. Það er hægt að segja að tæknin sé í eðli sínu ljóðræn, sem fram-færsla – sem eitthvað afhjúpandi. Hugsun af þessu tagi felur í sér meiri virðingu gagnvart athöfnum afhjúpunar og sköpunar. Virðing af þeim toga fer að vísu dvínandi vegna þess að slík hugsun er vanrækt í nútímanum. Ef við samþykkjum að hugtakið tækni eigi rætur sínar að rekja til *techné* munum við sjá að eðli tækninnar er ekki hagnýting, framleiðsla á vörum eða notkun véla heldur afhjúpun. Þeir sem eru á öndverðum meiði segja að slík skilgreining á tækni geti átt vel við um forn-gríska hugsun og handverksmanninn, en hún sé einfaldlega gamaldags og geti ekki átt við nútíma tækni. Og samkvæmt Heidegger er það einmitt það sem er ógnvekjandi.<sup>40</sup>

En hvað er nútíma tækni og hvernig er hún frábrugðin skilgreiningu Forn-Grikkja? Heidegger segir að nútíma tækni sé einnig afhjúpun, en ekki afhjúpun sem ljóðræn fram-færsla, heldur fram-köllun (e. *challenging-forth*). Afhjúpun sem fram-köllun gerir þær „óraunhæfu kröfur til náttúrunnar að hún veiti orku til þess að hægt sé að vinna hana og geyma.“<sup>41</sup> Munurinn á fram-færslu og fram-köllun er sá að þýðing aflvakans fyrir afhjúpunina er ólík. Í fram-færslu er aflvakinn einn hluti fjögurra orsaka sem eiga hver sinn þátt í því að afhjúpa hlut sem þann hlutur sem hann er. Aflvakinn í fram-köllun ræður öllu ferlinu.

Afhjúpunin sem er ríkjandi í nútíma-tækni hefur það einkenni að vera upp-setning, í skilningi fram-köllunar. Slík framköllun hefur þann háttinn á að sú orka sem leynist í náttúrunni er leidd í ljós, það sem er leitt í ljós er umbreytt, það sem er umbreytt fer í

---

<sup>38</sup> Sama rit: 318.

<sup>39</sup> Sama rit: 316.

<sup>40</sup> Sama rit: 319.

<sup>41</sup> Sama rit: 320.

geymslu, það sem er í geymslu er svo dreift, og því sem er dreift er svo breytt aftur að nýju. Að leiða í ljós, umbreyta, geyma, dreifa og breyta að nýju eru hættir afhjúpunar.<sup>42</sup>

Til að skýra þetta nánar setur Heidegger fram dæmi um andstæðuna á milli vatnsaflsvirkjunar við árbakka Rínar og fallegrar viðarbrúar sem hefur staðið við Rín í aldir. Brúin afhjúpast sem ljóðrænn hluti af umhverfi sínu og er því uppspretta aðdáunar, virðingar og undrunar. Vatnsaflsvirkjunin umbreytir vatnsstraumi árinna í raforku. Áin er þá ekki lengur sjálfstæð eining innan náttúrunnar, virðing hennar fer dvínandi og sama má segja um aðrar náttúruperlur. Þær eru flestar að verða ferðamannaíðnaðinum að bráð og því einungis leið til þess að afla tekna fyrir landið. Ferðamennirnir verða að auðlind sem nýta skal til fullnustu. Hugsunin er ekki „hvernig getum við gert reynslu ferðamanna eftirminnilega?“ heldur „hvernig getum við fengið þá til þess að eyða sem mestum pening?“ Við höfum hætt að líta til umhverfisins á ljóðrænan hátt, með virðingu, þess í stað lítum við á umhverfið sem auðlind til þess að þjóna okkur. Við veljum okkur jafnvel vini með því að hugsa til þess hvernig þeir geti nýst manni.

Ef náttúran er ekkert annað en auðlind sem hægt er að nýta til þess að ná ákveðnu markmiði, verða fyrirbærin sem eru afhjúpuð með fram-köllun smættuð niður í vara-birgðir (e. *standing-reserve*). Hlutir sem hljóta afhjúpun sem vara-birgðir verða ekki lengur hlutir í okkar augum heldur fyrst og fremst fyrirbæri til þess að nýta, fyrirbæri sem eiga sér stað í hagnýtingarkerfi mannsins og þjóna hlutverki fyrir það kerfi. Flugvél er þá ekki hugsuð sem flugvél, heldur sem hluti af farþegaflutningakerfi mannsins.<sup>43</sup> Við erum svo langt sokkin niður í kviksyndi hagnýtingar að maðurinn sjálfur er orðinn að auðlind, hægt er að finna dæmi þess í hugtakinu „mannauðsstjórnun“ sem við heyrum oft notað nú til dags. Skógarhöggsmaðurinn tekur við skipunum frá pappírsiðnaðinum, sem tekur við skipunum frá prentiðnaðinum, sem lítur á bókmenntahneigðan almúgan sem nýtanlega efnahagslega auðlind. Við erum stöðugt að vinna í kerfi sem stjórnast af hagnýtingu. En þar sem maðurinn stjórnar tækninni og framförum á því sviði verður hann aldrei algjörlega að vara-birgðum. Að sama skapi getur náttúran aldrei verið algjörlega undir okkar stjórn. Hvar sem maðurinn er, hvar sem hann opnar augun og skynjar umhverfi sitt, stendur hann innan þess sem er afhjúpað nú þegar sem það er. Hann svarar eðlislægu kalli til að afhjúpa það sem er

---

<sup>42</sup> Sama rit: 321-322.

<sup>43</sup> Sama rit: 322.

umhverfis hann. Náttúran býr yfir eigin breytingareðli og sjálfsköpun, hún afhjúpast sjálfkrafa sem það sem hún er og maðurinn afhjúpar hana á sinn hátt, nú á dögum sem varabirgðir, en það smættar hana niður í nokkurs konar hlut-leysi.<sup>44</sup>

Heidegger kallar fram-köllunina sem skipar sjálf-skapaðri náttúrunni í hlutverk vara-birgða innrömmun (e. *enframing*).<sup>45</sup> „Innrömmun táknar þann hátt afhjúpunar sem er ríkjandi í eðli nútíma tækni en er sjálf ekki tæknileg.“<sup>46</sup> Við getum nýtt okkur íslenska orðatiltækið „hugsaðu út fyrir rammann“ til þess að útskýra hugtakið innrömmun. „Ramminn“ vísar til ríkjandi hugsunarháttar sem er þröngsýnn, hefðbundinn og ófrumlegur. Þegar einhver „hugsar út fyrir rammann“ er hann að reyna að hugsa sjálfstætt án utanaðkomandi samfélagslegra áhrifa. Manneskjur, sem verur-í-heiminum og verur-með-öðrum, hafa tilhneigingu til þess að hugsa innan þessa ramma – þar sem upplýsingarnar eru öllum skiljanlegar. Það sem einkennir nútíma tækni er að afhjúpa allt innan þessa „ramma“ – með innrömmun. Við upphaf textans sagði Heidegger að „eðli tækninnar sé alls ekki eitthvað tæknilegt.“ Eðli nútíma tækni er hugsunarháttur okkar sem innrömmun, þegar við horfum á náttúruna sem auðlind, frekar en kraftmiklar vélar eða annað sem við tengjum venjulega við tækni.<sup>47</sup> En takmark Heideggers er að stuðla að opnu og frjálsu sambandi við tæknina, ekki bera kennsl á eðli hennar. Heidegger kynnir nú til sögunnar annað hugtak: örlög (e. *destining*). Eins og með mörg önnur hugtök breytist merking þess í notkun Heideggers, örlög mannsins eru afhjúpun og þá falla mismunandi hættir afhjúpunar undir þetta hugtak, bæði fram-færsla og fram-köllun. En örlögin eru ekki hlutskipti sem knýja manninn áfram, því „maðurinn verður sannarlega frjáls einungis þegar hann tilheyrir ríki örlaganna og verður sá sem hlustar, ekki sá sem hlýðir.“<sup>48</sup> Frelsi er nátengt afhjúpunar-ferlinu og því örlögum mannsins en „það sem frelsar – leyndardómurinn – er hulið og ávallt að hylja sig. Öll afhjúpun berst frá hinu frjálsa, berst til þess frjálsa og ber með sér til þess frjálsa.“<sup>49</sup> Þegar við hugleiðum eðli nútíma tækni sem innrömmun komumst við að því að innrömmun tilheyrir örlögum afhjúpunar. Örlögin búa yfir frelsi – sem þýðir að hættir afhjúpunar eru okkur valkostir og þegar við „opnum okkur“ gagnvart eðli tækninnar öðlumst við tækifæri til

---

<sup>44</sup> Sama rit: 324.

<sup>45</sup> Sama rit: 324.

<sup>46</sup> Sama rit: 325.

<sup>47</sup> Sama rit: 328.

<sup>48</sup> Sama rit: 330.

<sup>49</sup> Sama rit: 330.

Þess að öðlast frjálst og opið samband við tæknina. Hættan sem ógnar mannkyninu er tengd andlegu lífverni, hvernig við hugsum. Nútíma tæknilegur hugsunarháttur, sem Heidegger kallar innrömmun, gæti í framtíðinni valdið því að við gleymum eðli okkar sem vitundarverur, verur sem íhuga tilvist sína. Þá munum við gleyma hinni upprunalegu afhjúpun sannleikans – fram-færslu. Fyrirbæri eins og áin Rín tapa virðingu sinni þegar þau flokkast einungis undir efnisleg gæði og lúta stjórn mannsins. Þar af leiðandi missa þau sjálfstæði sitt sem hlutir sem eru og verða ekkert annað en vara-birgðir mannsins. Fyrirbærin hafa enga þýðingu nema sem eign: „maðurinn... hefur sig upp og setur sig í stellingar sem drottari jarðarinnar. Á þennan hátt virðist allt sem maðurinn hittir fyrir einungis vera til sem hans smíði. Þessi blekking verður orsakavaldur að annarri loka-blekkingu: Það virðist sem maðurinn hitti einungis fyrir sjálfan sig hvert sem hann fer.“<sup>50</sup> Tæknin er ekki vandamálið – það er hugsunin sem sprettur af eðli tækninnar. En það leynist enn vonarglæta fyrir mannkynið, og í því sambandi vitnar Heidegger í upphalds ljóðskáldið sitt, Friedrich Hölderlin, sem sagði:

En þar sem hættan er, vex  
bjargræðið einnig.<sup>51</sup>

Til þess að útskýra þessa þversögn byrjar Heidegger á því að segja hvað það þýðir „að bjarga.“ Fyrir utan hinn hefðbundna skilning þýðir það að „að bjarga“ einhverju að sækja eitthvað í eðli þess og bera það fram í fyrsta sinn í upprunalegri birtingu. Því er vonarglætan sú að eðli tækninnar búi einnig yfir eigin bjargræði.<sup>52</sup> Innrömmun getur ekki varpað endanlegum skugga á aðra hætti afhjúpunar ef taka á mark á þessum orðum. En hvernig er mögulegt fyrir bjargræðið að vaxa þar sem hættan þrífst? Til þess að leggja frekari grundvöll að þessari hugmynd skýrir Heidegger einnig hvað „eðli“ merkir. Venjulega er talið að eðli einhvers sé *hvað* það er – hvað-leiki þess. Tré búa þá yfir ákveðnum altækum trjá-leika, glös yfir ákveðnum glas-leika o.s.frv. Spurningin er hins vegar hvort það sé hægt að finna slíkan altækan hvað-leika í eðli tækninnar, innrömuninni. Þá ætti að vera hægt að flokka skráfur, verkamenn og spindilkúlur sem innrömmun. Innrömmun er hins vegar ekki eitthvert tól eða tæki. „Innrömmun er háttur afhjúpunar sem eru örlög, nánar tiltekið, sá háttur sem fram-

---

<sup>50</sup> Sama rit: 332.

<sup>51</sup> Sama rit: 333.

<sup>52</sup> Sama rit: 334.

kallar.<sup>53</sup> Hefðbundna skilgreiningin á eðli fellur því ekki saman við hugmyndina um eðli tækninnar. Samkvæmt Platóni og Sókratesi er eðli einhvers það sem varðveitist, það sem er og er til frambúðar. Það sem er til frambúðar er hugmyndin (e. *idea*) – hugmyndin um hús varðveitist lengur en húsin sjálf, sem koma og fara. Hugmyndin um hús er óhagganleg – hugmyndin verður ekki náttúruöflunum að bráð. Heidegger heldur áfram með orðaleikina og vitnar til Johanns Wolfgangs von Goethe sem tengdi saman þýsku orðin *wahren* (að vernda, varðveitast) og *gewähren* (að veita) til þess að mynda *fortgewähren* (að veita að eilífu). Heidegger vill tengja saman þessi hugtök á sama hátt og Goethe gerði til þess að skilgreina „eðli“ hluta og þar með eðli tækninnar eins og hann sér það:

Einungis það sem er „veitt“ varðveitist. Það sem varðveitist upprunalega frá algjöru upphafi er það sem veitir.<sup>54</sup>

Heimurinn „veitir“ okkur sjálfan sig að því leyti að hann er okkur opin til afhjúpunar. Við tökum á móti þessari „veitingu“ með hugsunarhætti innrömmunar. Þegar Heidegger talar um heiminn eða náttúruna er hann að tala um allt sem *er*, ekki einfaldlega lífríki jarðar. Maðurinn er *hirðir verunnar* og verður að átta sig á því. Svo lengi sem maðurinn hugsar tæknilega til tækninnar sér hann ekki hættuna sem honum stendur af tækninni og tæknilegum hugsunarhætti. Hættan og bjargræðið rísa upp úr sama jarðvegi. En ef maðurinn áttar sig á að hann ber ábyrgð á afhjúpun heimsins getur hann gert sér grein fyrir því að það er hans hlutverk að varðveita heiminn og náttúruna. Með því að opna sig gagnvart eðli tækninnar og íhuga stöðu sína gagnvart henni er mögulegt að hann uppgötvi að innrömmun er ekki nauðsynleg leið afhjúpunar – upprunalegri afhjúpun stendur honum til boða. Þessa upprunalegu afhjúpun má finna í ljóðrænni afhjúpun – *poiesis* – og ímynd *techné* hjá Forn-Grikkjum. Þá var afhjúpun list og listin afhjúpaði merkingarþrungna og fallega veröld „þegar fram-færsla sannleikans til þess fallega var kallað *techné*“ og listin var sameinandi afl í samfélaginu. Heidegger vitnar aftur til Hölderlins sem sagði „á ljóðrænan hátt dvelur maðurinn á jörðinni.“ Hið ljóðræna í listinni og afhjúpun er það sem Heidegger telur að geti bjargað okkur frá hættunni sem að okkur steðjar ef við höldum áfram að hugsa eingöngu á tæknilegan hátt.

---

<sup>53</sup> Sama rit: 335.

<sup>54</sup> Sama rit: 336.

Vegna þess að eðli tækninnar er ekki tæknilegt, verða eðlislægar hugleiðingar er varða tæknina [...] að gerast í umdæmi sem er, annars vegar, í ætt við eðli tækninnar og, hins vegar, í grundvallaratriðum frábrugðin því. Slíkt umdæmi er listin.<sup>55</sup>

Ljóðskáldið tekur við heiminum eins og hann er, eins og hann afhjúpast í upprunalegum sannleika sínum. Heidegger er ekki að hvetja alla til þess að gerast listamenn eða ljóðskáld, heldur að líta til heimsins oftast með augum ljóðskáldsins, upplifa fegurðina og gera sér grein fyrir hlutverki sínu sem sú vera sem íhugar. Ef við gerum það verðum við opin gagnvart tækninni og getum betur nýtt hugsunina okkur, og náttúrunni, til góðs.

Heidegger hafnar hugmyndinni um að list varði eingöngu fegurð og ánægju í ritgerðinni *Uppruni listaverksins*. List er afhjúpun tilverunnar fyrir lífandi verur. Fræg og áhrifarík listaverk fela í sér breytingu. Þau varpa ljósi á hið venjulega, þau vekja okkur upp frá hinu hefðbundna og flytja okkur í annan heim fullan af nýjum spennandi möguleikum og breyta jafnvel sýn okkar á tilverunni. Orð skáldsins eru, ólíkt orðavali samfélagsins, eftirtektarverð og nýstárleg. Heidegger lýsir skáldinu stundum sem nokkurs konar hálfguði sem stendur í tilvistarlegri auðn á milli mannfólksins og Guðanna. Stuðmenn fanga þessa hugmynd afskaplega vel í lagi sínu „Ofboðslega frægur“:

Hann hefur samið fullt af ljóðum,  
alveg ofboðslega góðum,  
sem fjalla aðallega um sálar líf þíns  
innri manns.  
Þau er ekki af þessum heimi,  
þar sem skáldið er á sveimi  
miðja vegu milli malbiksins og regnbogans.

Við höfum gleymt því að allir hlutir eiga sér sögu og merkingu og eiga skilið a.m.k. einhverja virðingu. Því meira sem við virðum náttúruna, því frekar virðum við Veruna og getu okkar að íhuga veru okkar sjálfra. „Við getum sagt „já“ við því að geta ekki án tækja verið, en einnig sagt „nei“ með því að leyfa þeim ekki að ráða yfir okkur, og aflaga þannig, rugla og eyðileggja veru okkar.“<sup>56</sup>

---

<sup>55</sup> Sama rit: 340.

<sup>56</sup> Heidegger, „Minningarræða,” 199.

Heidegger kallar slíka afstöðu til tækninnar *að sýna hlutunum stillingu*.<sup>57</sup> Tæknin er orðin órjúfanlegur hluti af tilveru okkar, en við getum leyft tækjum og vélum að vera hluti af lífi okkar og við getum á sama tíma haldið þeim fjarri – og þar með öðlast afslappaðra viðhorf gagnvart tækninni. Tæknin er ekki af hinu illa, það er hugsunin sjálf sem skiptir máli í þessu samhengi. Íhugun er séreðli mannsins, það er okkur eiginlegt að hugsa um tilveruna sjálfa. Mannverur þurfa hins vegar að rækta hugsun sína, annars fellur hún í órækt.

---

<sup>57</sup> Sama rit: 199.

## Lokaorð – heimspeki, hugsun og hið ljóðræna

Spurningin um Veruna sjálfa og merkingu hennar var Heidegger hugleikin alla tíð. Ég hugsa yfirleitt til heimspeki Heideggers sem verkfærakassa sem nýta má til þess að lagfæra eigin hugsunarhátt – eða að minnsta kosti verða meðvitaðri um umhverfi sitt og eigin hugsun, hvernig hún er og af hverju hún er eins og hún er. Lestur á Heidegger krefst þolinmæði, maður þarf að vera reiðubúinn til þess að kynnast bæði nýjum orðum og hugtökum. Það er góð hugmynd að nálgast textann eins og maður nálgast ljóðalestur. Að einhverju leyti styður ritstíll Heideggers við framvindu röksemdarfærslunnar sem finna má í textanum. Hann ögrar hugmyndum okkar um hagnýtingu tungumálsins og hversdagslegri framsetningu þess – svo að flestir skilji á sem fljótlegasta máta – rétt eins og hann ögrar hugmyndum okkar um tæknina og eigin hugsun gagnvart tækninni og Verunni sjálfri. Það verður að teljast líklegt að einungis heimspekingar eða aðrir fræðimenn hafi þolinmæði til þess að lesa og skilja textana hans. Það þýðir að flestir sem að vilja lesa Heidegger hafa ákveðna sýn til heimsins og eigin hugsunar, fólk sem er þá og þegar að íhuga tilveru sína. Fólk sem hann telur vera óeiginlegt og fallið í samfélag „þeirra“ þarf að vekja til umhugsunar, eða íhugunar, en slíkt fólk mun að öllum líkindum aldrei lesa texta eftir Heidegger vegna þess hversu flókið orðalag hann notar. Ritstíll Heideggers hefur því sína kosti og galla. Hinn hugsandi og þolinmóði lesandi getur haft gífurlegt gagn af lestrinum á sama tíma og hinn útreiknandi „fallni“ lesandi mun upplifa ritstíl Heideggers sem torræðan.

Markmiðið með heimspeki Heideggers er andlegs eðlis. Hann var alinn upp í trúarlegu umhverfi og heimspeki hans ber einkenni þess. Í frægu viðtali sem hann veitti þýska tímaritinu *Der Spiegel* og birtist 1976 segir hann að „einungis Guð geti bjargað okkur.“ Hann er þó ekki að tala um hinn hefðbundna Guð sem er tengdur trúarbrögðum heldur eitthvert sameinandi afl innan samfélagsins. „Guð“ sem skapar ímynd einhverra gilda fyrir manninn. Musteri Forn-Grikkja þjónuðu því hlutverki á sínum tíma og samkvæmt Heidegger er það listin sem ber með sér þann möguleika að skapa slík gildi fyrir samfélagið.

Við íhugum tilveru okkar ekki nægilega mikið, gleymum okkur í samfélagslegum vandamálum og hefðbundnum samfélagslegum lausnum. Við leiðum hugann sjaldan að því að við munum deyja, að við erum verur-í-heimi-með-öðrum, að við erum sjálfstæðar verur og óhjákvæmilega föst í eigin persónu – eigin sjónarhorni – og samfélagi annarra. Hið einfalda og fallega hefur fallið í skuggann af hálfgerðum útreiknandi níhílisma. Veröldin



virðist verða gildislausari með hverju árinu sem líður á meðan tæknin þróast og upplýsingar um veröldina sjálfa, mannlíkamann og himingeiminn aukast. Listaverk eru nú sköpuð vegna gróðatækifæra eða einfaldrar fagurfræði.

Veran er svið mannglegra möguleika, allt sem maðurinn getur orðið og allt sem hann er fær um að vera. Manneskjur gera grein fyrir og varpa ljósi á Veruna með því að uppgötva hina og þessa mannlega möguleika og fanga framandleika tilvistarinnar. Listsköpunin opnar óendanlega möguleika. Möguleikarnar búa allir yfir þeim möguleika að gera fólk meðvitaðra um veruna, dauðann og lífið.

Afstaða okkar til alls sem er er undir okkur komin, við getum kosið að líta til náttúrunnar sem fyrirbæris til þess að nýta eða við getum hugsað til náttúrunnar á ljóðrænan hátt. Heidegger taldi að hið síðara myndi bera sætari og ferskari ávöxt heldur en hið fyrra og sjálfur verð ég að vera sammála. Heimspeki Heideggers virðist oft vera framsetning grundvallandi fullyrðinga um tilveruna og persónubundinnar afstöðu hans til hennar. Við teljum það sjálfsagt að vita að við erum til, að við munum deyja og að allt sem er einfaldlega er eins og það er. En vegna þess að við teljum þetta allt vera sjálfsagt leiðum við hugann sjaldan að þessum staðreyndum, sem eru þó mikilvægar fyrir andlegt lífni mannsins. Manninum er varpað inn í aðstæður sem hann sjálfur hefur ekki valið og þarf að takast á við og yfirstíga alla þá erfiðleika sem honum mæta og verður að gefa svör við öllum þeim spurningum sem að vakna. Til þess að takast á við allt það áreiti sem umlykur mannlega tilveru nýtir maðurinn hugsun sína sér til framdráttar.

Til eru spurningar sem ekki hefur enn verið hægt að svara. Slíkum spurningum reynir heimspekin að svara. Hún veitir okkur örlítið vasaljós í myrkrinu, svo við getum þó fetað okkar hægt áfram. Vísindin greina myrkrið, við öðlumst frekari upplýsingar um samsetningu myrkursins en við vitum ekki ennþá af hverju það er, eða afhverju við erum eða hvernig við eigum að vera.

Við lifum á tímum sérhæfingar, til þess að öðlast frama á tilteknu sviði er sérþekking nánast nauðsynleg. Þekkingarsöfnun mannkyns er orðin ótrúlega víðtæk og flestar námsleiðir leiða til einhverskonar sérþekkingar. Heidegger óttast að við þá sérþekkingu sem einkennir tæknilegan hugsunarhátt munu gildi visku og íhugunar rýrna. Ímyndum okkur manneskju sem að eyðir öllum deginum í sérhæfðri vinnu, einungis til þess að eiga nóg til þess að næra

sig og klæða svo að hún geti endurtekið sama daginn aftur á morgun. Slík manneskja þekkir lítið annað en sína sérhæfðu vinnu og er ómeðvituð um heiminn í kringum sig. Veröldin er flókin og það er nauðsynlegt að byggja skoðanir sínar á víðtækri þekkingu til þess að miðla einhverju af viti til samfélagsins. Hagfræðingur hlýtur að vera skilyrtur af náminu ef hann myndar skoðun sína á samfélaginu eingöngu byggða á efnahaginum þegar það er ótalmargt annað sem að spilar inn í þegar taka þarf afstöðu í samfélagsmálefnum.

Íhugun er manninum mikilvæg. Við þurfum að passa okkur á að falla ekki í þá gryfju að sankna að okkur endalausum upplýsingum án þess að hugsa til þess hvað þær þýða, án þess að tileinka okkur það sem við erum að hugsa um. Hver og einn einstaklingur býr yfir eigin heimsmynd og til þess að hugsa skýrt og skilmerkilega er nauðsynlegt að þessi heimsmynd sé ekki í óreiðu, að heimsmyndin geti samofið þær upplýsingar sem hún safnar við þær sem hún inniheldur þá þegar og unnið að stöðugu, sameinandi og meðvituðu þróunarferli hugans. Upplýsingar einar og sér hafa lítið gildi nema þær tengist öðrum upplýsingum og stuðli að ígrundun veruleikans sjálfs í allri sinni dýrð.

Drifkraftur okkar er hugsunin, hún knýr þekkingu okkar áfram. Maðurinn er dýr, hann býr yfir dýrslegum og frumstæðum eiginleikum, kraftur hugsunarinnar gagnast mörgum einungis í baráttunni við að halda sér á lífi, fáir menn nýta sér þennan kraft til góðs og til þess að uppfylla þá möguleika sem hugsunin býr yfir.

Páll Skúlason gaf út bók á síðasta ári með titlinum *Hugsunin stjórnar heiminum*.<sup>58</sup> Að mínu mati mætti túlka slíka fullyrðingu þannig að mannveran, hin hugsandi vera, er í bílstjórásætinu innan vistkerfis plánetunnar. Við búum yfir hugsunarmætti sem getur haft mikil áhrif á þróun lífs hér á jörðinni. Til þess að þróunin verði jákvæð fyrir mannfólkið þurfum við að forðast fordómafullar og fljótfærnislegar ákvarðanir og hugsanir. Hugsunarhátturinn sem Heidegger nefnir íhugun veitir neikvæðri framþróun viðnám.

Þegjandaháttur alheimsins er okkur umhugsunarefni, þessi þögla forvitnilega veröld er uppspretta alls sem við manneskjur þekkjum og skynjum og vitum og teljum okkur vita. Nú á dögum teljum við okkur vita ansi margt og flestir kjósa að hugsa sem minnst til þeirra ósvöruðu spurninga sem plaga mannkynið ennþá, spurningar sem eru enn á borðum heimspekinga. En ef við venjumst daglegu lífi og deyfum meðvitundina og skilningarviti

---

<sup>58</sup> Páll Skúlason, *Hugsunin stjórnar heiminum* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014).

með stöðugu áreiti samfélagsmiðla, hversdagslegum svörum og skoðunum eða sjónvarpsglápi erum við í rauninni að forðast hugsunina. Íhugun tilverunnar fer sífelldvínandi sem og virðingin fyrir þeim ráðgátum sem við vitum enn ekki svarið við.

Hugsunin gefur lífinu lit. Sjálfur vil ég fremur takast á við heiminn með því að njóta litadýrð heimspekinnar og þess ljóðræna heldur en að lifa í svarthvítri þoku hversdagsleikans.

## Heimildaskrá:

- Aristóteles. *Frumspekin I*. Þýðandi Svavar Hrafn Svavarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999.
- Dreyfus, Hubert L. o.f.l. *The Cambridge Companion to Martin Heidegger*. Ritstjóri Charles B. Guignon. New York: Cambridge University Press, 1993.
- Dreyfus, Hubert L. *Being-in-the-World*. New Baskerville: MIT Press, 1991.
- Foulds, Steven. *A Simple Guide to Being and Time*. Middletown: CreateSpace Independent Publishing Platform, 2012.
- Heidegger, Martin. „Hvað er frumspeki?“ Þýðandi Magnús Diðrik Baldursson. *Hugur* 23 (2011): 109-120.
- Heidegger, Martin. „Leið mín til fyrirbærafræðinnar“ Þýðendur Steinar Örn Atlason og Egill Arnarson. *Hugur* 26 (2014): 201-207.
- Heidegger, Martin. „Minningarræða“ Þýðendur Steinar Örn Atlason og Egill Arnarson. *Hugur* 26 (2014): 193-200.
- Heidegger, Martin. *Basic Writings*. Ritstjóri David Farrell Krell. New York: HarperCollins, 2008.
- Heidegger, Martin. *Being and time*. Þýðendur John Macquarrie og Edward Robinson. New York: HarperCollins, 1927/2008.
- Heidegger, Martin. *Poetry, Language, Thought*. Þýðandi Albert Hofstadter. New York: HarperCollins, 1971/2013.
- Inwood, Michael. *Heidegger: A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press, 2000.
- Páll Skúlason, *Hugsunin stjórnar heiminum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014
- Ragnheiður Eiríksdóttir, *Viður-eign Verunnar – Fyrirbærafræði Heideggers til bjargar mannkyninu*. MA-ritgerð í heimspeki við Háskóla Íslands, 2011.
- Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag*. Reykjavík: Heimskringla, 2008.
- Waddington, David I. „A Field Guide to Heidegger: Understanding „The Question Concerning Technology.““ *Educational Philosophy and Theory*, 4/37 (2005): 567-583.
- Wheeler, Michael, „Martin Heidegger,“ *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 12. Október 2011, <http://plato.stanford.edu/entries/heidegger/> (skoðað 10. maí 2015)

Zahavi, Dan. *Fyrirbærafræði*. Þýðandi Björn Þorsteinsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.